



Fjarðarbyggð
Valur Sveinsson
740 NESKAUPSTAÐUR
Iceland

Garðabær, 15.8.2025

Málsnúmer: 202507-0016

IAS

Efni: Tjaldsvæði og íbúðabyggð á Eskifirði – lýsing.

Vísað er til erindis frá Fjarðarbyggð frá 8. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um Skipulags- og matslýsingu fyrir tillögu að breyttu Aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2020-2040 og gerð nýs deiliskipulags vegna tjaldsvæðis og íbúðarbyggðar á Eskifirði.

Í Aðalskipulag Fjarðarbyggðar 2020-2040 er afmarkaður reitur fyrir íbúðarbyggð (ÍB-202) norðan Dalbrautar á Eskifirði, í framhaldi til vesturs af byggð sem fyrir er norðan götunnar. Skammt frá, á áreyrum Eskifjarðarár, er afmarkaður reitur fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF-200) sem ætlaður er fyrir tjaldsvæði bæjarins. Nú hafa komið fram rök fyrir því að heppilegra sé að víxla landnotkun á þessum reitum, þannig að tjaldsvæðið verði norðan Dalbrautar en íbúðarbyggðin á flatlendinu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir engar athugasemdir. Umræddir reitir eru utan allra verndarsvæða og þar eru ekki vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur